

122. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 11. mars 2011 kl. 12:20

Þetta gerðist

1. Aðalfundur 2011

- Ákveðið að fresta aðalfundi til 29. apríl. Fundinn þarf að boða með fjögurra vikna fyrirvara og er því orðið of seint að halda hann 1. apríl nk.
- Senda þarf út dagskrá fundarins minnst viku fyrir fund.
- GBF er búinn að kanna með sal. Hægt er að fá Græna salinn á Kaffi Reykjavík fyrir um 4.500 kr. pr. mann með mat og kaffi. Einnig mögulegt að leigja efri hæðina á Sólun. FUMÍ hefur leigt þessa sali nokkrum sinnum og lætur vel af.
- Farið yfir stjórnarsetu og endurnýjun í stjórn. Tilgreina þarf í fundarboði að tvö sæti séu laus og kalla eftir tillögum minnst tveim vikum fyrir fund.
- Ársreikningur þarf að vera klár og sendur skoðunarmönnum minnst einum mánuði fyrir aðalfund. Jón Steingrímsson og Gunnar Bragason eru skoðunarmenn. Ragna vinnur málið með Má..

Fundi slitið kl. 13:00

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson